

Ólöf Sigríður Björnsdóttir

Reykjavík, 22. júní 2020  
UST202006-255/H.H.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Hornstrandir**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ólafar Sigríðar Björnsdóttur, dagsett 22. júní 2020, um leyfi til drónaflugs á Hornströndum.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. auglýsing nr. 332/1985. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Landeigandi sækir hér eftir því að fljúga dróna við sumarhús í Aðalvík dagana 22. – 24. júní 2020. Tilgangur verkefnisins er að kanna lóðarmörk á svæðinu ásamt ástandi hússins. Drónanum verður einungis flogið yfir húsi og lóðarmörkum.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur að verkefnið hafi lítil áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins. Aðeins á að fljúga dróna í kringum húsið á afmörkuðu svæði. Gestir á svæðinu gætu orðið fyrir tímabundinni truflun á meðan drónaflugið stendur yfir.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Ólöfu Sigríðar Bjarnardóttir fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan Hornstranda sbr. lýsingu hér að ofan 22. – 24. júní 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.

- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Óheimilt er að fljúga innan 200 metra fjarlægðar frá fuglabjörgum á varptíma. Utan varptíma er óheimilt að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

*Hildur Hafbergsdóttir*

Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur

*Edda Kristín Eiríksdóttir*

Edda Kristín Eiríksdóttir  
sérfræðingur